



Seðlabanki Íslands  
Kalkofnsvegi 1  
101 Reykjavík

## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 10. febrúar 2022  
Tilv.: FJR22010105/11.4.5

Efni: Umsögn vegna sölumeðferðar á eignarhlutum Íslandsbanka hf.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur borist tillaga frá Bankasýslu ríkisins, dags. 20. janúar, um sölu eignarhlutar í Íslandsbanka hf. í samræmi við ákvæði laga um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009 og laga um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum nr. 155/2012. Fallist hefur verið á tillögu stofnunarinnar um sölu eignarhlutar í bankanum, sbr. 2. gr. hinna síðarnefndu laga og hefur sú ákvörðun verið kynnt fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál og ríkisstjórn.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 155/2012 hefur verið útbúin greinargerð um ráðgerða sölumeðferð sem er hér með lögð fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Í greinargerðinni koma fram upplýsingar um helstu markmið með sölu eignarhlutarins, hvaða söluaðferð verði beitt og hvernig sölumeðferð verði háttáð að öðru leyti. Fylgiskjöl með greinargerðinni eru tillaga Bankasýslu ríkisins og minnisblað stofnunarinnar um málið.

Þegar fallist hefur verið á tillögu um að hefja sölumeðferð vegna eignarhlutar ríkisins í fjármálafyrirtæki skal lögum samkvæmt jafnframt leita umsagnar Seðlabanka Íslands um jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif sölu á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð.

Óskað er hér með eftir umsögn Seðlabankans og þess að hún liggi fyrir eigi síðar en þann 2. mars 2022.

Fyrir hönd ráðherra

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Árnason

Fylgiskj.: Greinargerð ásamt fylgiskjólum.